

Viðbúnaðarstig virkjað hjá Opnum Kerfum vegna COVID-19

Ríkislögreglustjóri hefur lýst yfir hættustigi almannavarna í samráði við sóttvarnalækni og embætti landlæknis vegna kórónaveiru (COVID-19) þar sem smit hefur verið staðfest á Íslandi.

Opin Kerfi bregðast við slíku hættustigi og hafa virkjað viðbúnaðarstig í samræmi við viðbragðsáætlun félagsins og leiðbeiningar frá Almannavörnum og sóttvarnalækni.

Forvarnir

Opin Kerfi hafa lagt mikið kapp við að byggja upp ákveðnar forvarnir og minnka líkur á smiti innan fyrirtækisins.

Mikilvægi ítrasta hreinlætis, handþvottar og reglulegrar sprittunar hefur verið ítrekað við starfsfólk og það frætt um aðferðir til að lágmarka líkur á smiti.

Handspritt er á víð og dreif um fyrirtækið og mikilvægi þess að starfsfólk haldi sig heima ef það sýnir minnstu einkenni hefur verið tíundað fyrir starfsfólki.

Ef starfsfólk sýnir einkenni eins og hita, hósta eða öndunarvandamál er það hvatt til að vera heima við og ef það er nægilega hresst að vinna þá frekar heima heldur en að hætta á að smita samstarfsfélaga.

Þetta er mikilvægur liður í að reyna að koma í veg fyrir hópsmit innan félagsins.

Ráðstafanir til að lágmarka rekstrartruflanir og þjónustuskerðingu

Opin Kerfi leggja að sjálfsögðu áherslu á að eins lengi og unnt er sé þjónusta félagsins við viðskiptavinum haldið gangandi.

Lykilstarfsmönnum verður gert að vinna í fjarvinnu ef neyðarástandi verður lýst yfir og aðrir lykilstarfsmenn geta unnið með fjarrænum hætti.

Hluti af ISO 27001 vottun félagsins snýr að því að hafa tiltækar áætlanir sem miða að því að tryggja uppítíma reksturs og þjónustustig ef krísu ber að höndum, líkt og til dæmis slíka veiru. Opin Kerfi hafa því einsett sér verklag sem tryggir lágmarksþjónustu, skráningu ferla og verklagsreglna þar sem starfsmenn geta stökkið inn í mál og leyst af hendi þó lykilstarfsmenn eða "eigendur" ákveðinna verkefna veikist eða geti einhverra hluta vegna ekki sinnt sínum störfum. Þá er einnig reynt að miða að því að þekking og færni til að sinna ákveðnum hlutverkum liggi ekki eingöngu í höndum og hugum einstakra starfsmanna.

Öllum lykilstörfum hjá félaginu, bæði gagnvart viðskiptavinum sem og innri rekstri, hefur verið hagað á þann hátt að starfsmenn geta jafnt unnið innan skrifstofunnar sem og heiman frá, eða annarsstaðar þar sem þeir komast í nettengingu.

Þannig tryggjum við að þjónusta okkar geti haldið áfram svo til óskert og viðskiptavinir okkar finni fyrir sem allra minnstu raski í þjónustu og rekstri okkar.

Viðbrögð ef upp kemur smit eða grunur leikur á að starfsmaður hafi smitast

Lögð er áhersla sem áður segir á að starfsmenn haldi sig þá heima og fylgi settum leiðbeiningum frá heilbrigðisstarfsmönnum þar um, séu í sóttkví í 14 daga, eða svo lengi sem nauðsynlegt reynist til að komast hjá frekara smiti.

Starfsmenn sem ferðast erlendis á tímabilinu sem veiran er í hraðri útbreiðslu ber að fylgja þeim reglum sem almannavarnir setja varðandi sóttkví, með viðeigandi tilliti til dvalarstaða þeirra erlendis. Þá er starfsmönnum sem heima eru í sóttkví og eru nægilega hraustir til, heimilt að sinna sínum störfum með fjarrænum hætti heiman frá sér.

Ef þeim reynist ekki unnt að sinna störfum fjarrænt þá tekur þeirra næsti yfirmaður stöðu á þeim málum sem liggja fyrir hjá viðkomandi starfsmanni og kemur þeim í farveg.

Ef um hópsmit er að ræða innan félagsins og margir starfsmenn veikjast verður sett af stað krísustjórnun sem snýr að greiningu á þeim hóp sem um ræðir, alvarleika ástandsins og þeirra ráðstafana sem grípa þarf til ef raunin er sú að hópurinn sem smitast hefur allur sambærilega þekkingu og færni og þannig hafi smitið því meiri áhrif á rekstur félagsins og þjónustuveitingu til viðskiptavina en ef um smit hjá einstaka starfsmönnum væri að ræða.

Ef upp kemur hópsmit verður verkefnum forgangsraðað eftir mikilvægi og tryggt að akút mál fái sérstakan forgang á meðan önnur minna aðkallandi mál gætu þá dregist, eftir eðli þeirra og þess hóps sem smitið nær yfir.

Ef sú verður raunin verða viðskiptavinir upplýstir um ástandið og þeir beðnir um að sýna því skilning og biðlund að verkefni sem falla ekki undir skilgreiningu forgangsmála geti hugsanlega dregist, en fullvíst er að forgangsröðun mun alltaf gæta almannahagsmuna og leitast við að tryggja uppítíma og þjónustu við mikilvæga innviði landsins.